



**Embætti  
landlæknis**  
Directorate of Health



Félagsráðgjafafélag Íslands

## FAGLEGAR LÁGMARKSKRÖFUR

Samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu nr 41/2007, 6. grein

### Félagsráðgjafar

<b>Flokkur heilbrigðisþjónustu</b>	Starfsstofur heilbrigðisstarfsmanna
<b>Tegund þjónustu</b>	<b>Félagsráðgjöf.</b> Sjálfstætt starfandi félagsráðgjafar veita viðtöl, ráðgjöf, fræðslu, handleiðslu og bjóða upp á stuðningshópa, hver á sínu sviði. Þeir starfa á eigin stofum eða veita þjónustu í heimahúsum, fyrirtækjum og stofnunum.
<b>Samskipti við sjúklinga</b>	Félagsráðgjafar starfa samkvæmt siðareglum félagsráðgjafa, reglugerð nr. 1088/2012, lögum um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og lögum um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 eftir því sem við á. Félagsráðgjafar sýna skjólstæðingum sínum virðingu og trúnað og ber að upplýsa skjólstæðinga sína um réttindi þeirra og gæta þagnarskyldu.
<b>Skráning</b>	Félagsráðgjafar skulu færa sjúkraskrá samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009, lágmarkskröfum landlæknis og fylgja lögum og reglugerðum um persónugreinanlegar upplýsingar. Varðveisla sjúkragagna, hvort sem er á rafrænu formi eða á pappírformi, og eyðing þeirra skal vera í samræmi við lög, reglugerðir og tilmæli landlæknis.
<b>Símenntun</b>	Félagsráðgjöfum ber að halda við faglegri þekkingu og færni, m.a. með því að sækja framhaldsmenntunarnámskeið, faglega fundi og ráðstefnur.

<b>Mönnun</b>	Félagsráðgjafa er frjálst að ráða til sín starfsfólk til aðstoðar sem skal vera menntað í samræmi við það starf sem því er ætlað. Skal starfsfólk hlíta sömu kröfum um umgengni við skjólstæðinga og félagsráðgjafar gera og gæta þagmælsku. Allt aðstoðarfólk starfar á ábyrgð viðkomandi félagsráðgjafa nema sérlæg kveði á um annað.
---------------	---

<b>Húsnæði</b>	Félagsráðgjafar skulu hafa aðgang að góðri aðstöðu fyrir viðtöl við skjólstæðinga sína sem uppfyllir skilyrði um trúnað. Um getur verið að ræða skrifstofu eða heimahús.
----------------	--

<b>Búnaður og tækjakostur</b>	Félagsráðgjafi skal hafa skrifborðsaðstöðu, síma, tölvubúnað og sæti fyrir skjólstæðinga og aðstandendur. Einnig þarf að vera fyrir hendi læst geymsla fyrir sjúkraskrárgögn og önnur gögn með persónulegum upplýsingum. Ef notuð er tölva til skráningar og bókhalds skal vinnslusvæði vera læst með aðgangsorði.
-------------------------------	--

<b>Gæðavísar</b>	Æskilegt er að sjálfstætt starfandi félagsráðgjafar leggi reglulegt mat á gæði þjónustunnar sem þeir veita, t.d. með þjónustukönnunum eða notkun á öðrum gæðavísam.
------------------	---

<b>Gildistími</b>	Samkomulag þetta gildir frá undirskrift landlæknis og verður endurskoðað eftir 5 ár en fyrr ef forsendur þess breytast skv. mati annars hvors aðilans.
-------------------	--

<b>Útgefið</b>	<i>Staður: Seltjarnarnesi</i>	<i>Dags.: 19. febrúar 2011</i>
<i>Undirskrift landlæknis</i>	<i>Undirskrift f.h. FSSF</i>	
Geir Gunnlaugsson	Hanna Lára Steinsson formaður	

*Þessar faglegu lágmarkskröfur eru gefnar út á rafrænu formi og birtar á vef Embættis landlæknis, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is). Þær eru unnar í samvinnu við Fagdeild sjálfstætt starfandi félagsráðgjafa*